



Ung
börn
og snjalltæki

Grunnur að góðri byrjun



VERTU MEÐ BARNINU ÞEGAR ÞAÐ NOTAR SNJALLTÆKI



Fyrstu kynni barna af snjalltækjum ættu að fara fram undir handleiðslu forráðamanna og/eða annarra fullorðinna. Sameiginleg reynsla og leiðsögn stuðlar að ánægjulegri upplifun og góðri byrjun barnsins í heimi tækninnar. Með því að sýna tækninotkun barnsins áhuga eykur þú líkurnar á að það leiti til þín síðar ef eitthvað hjátar á eða þegar það vill sýna þér eitthvað skemmtilegt.

ERFIÐ ORÐ OG HUGTÖK

Netið, peningar, tími, tilfinningar og athafnir fullorðins fólks geta verið hugtök sem erfitt er fyrir börn að skilja. Gættu þess að vera eins skýr og hægt er. Gott er að nýta það sem upp kemur í daglegu lífi til að hjálpa börnum að skilja og kenna á það sem þau eru að fást við.

NOKKUR RÁÐ

- Njóttu þess að vera með barninu: horfa á sjónvarp og kvikmyndir, spila á spil, leika og njóta um leið og þú kennir og sýnir barninu fjölbreytta möguleika.
- Sýndu áhuga á því sem barnið er að segja frá eða sýna. Að kynnast barninu og læra hvað veur áhuga þess er dýrmætt.
- Njóttu þess að ræða við barnið um sameiginlegar upplifanir - hvað var skemmtilegt og hvað ekki? Hvers vegna? Ræðið líka um að ekki er allt satt sem er á netinu.
- Vertu eins skýr og hægt er þegar þú talar við barnið. Netið, tími, peningar, tilfinningar og athafnir geta verið snúin hugtök fyrir ung börn.
- Þegar þér finnst vera kominn tími til að barnið fái að prófa sjálft haltu þá áfram að tala við barnið um upplifanir þess og óskaðu eftir því að það sýni þér það sem það er að skoða.
- Ræddu líka um það sem gæti verið óþægilegt og hvað barnið á að gera ef eitthvað slíkt á sér stað.
- Auðvelt er að smella áfram og lenda þar sem ekki var hugmyndin að vera í upphafi. Börn geta komist í uppnám ef þau sjá börn eða dýr þjáast, einelti, fátækt, ofbeldi eða klám.
- Hlutir sem virðast áhugaverðir á netinu geta valdið öðrum leiða og sorg.
- Hvað eru þau að skoða? Hvernig talar fólk hvert við annað? eru þau að upplifa ljót orð, rífrildi eða einelti?
- Vertu skýr með það að barnið segi þér eða öðrum fullorðnum frá ef eitthvað gerist. Með því að tala við barnið um það sem getur gerst ertu að segja því að þú sért til staðar ef eitthvað óþægilegt gerist.
- Ef þig grunar að barnið hafi orðið hrætt eða komist í ójafnvægi spurðu og reyndu að komast að því hvað gerðist.


HVAÐA REGLUR VILTU SETJA UM NOTKUN BARNINS?



Skýrar, vel ígrundaðar reglur sem hæfa aldri barnsins gera því auðveldara að læra á mismunandi miðla og upplifa þá á jákvæðan hátt. Þær eru grunnur að góðri byrjun í stafrænni veröld. Hér koma nokkur ráð um það sem huga þarf að.

GÓÐ RÁÐ

- Hvar viltu að barnið geti notað tækin? Eru einhverjir staðir þar sem auðveldara er að fylgjast með barninu við notkun?
- Hvenær og hve lengi vilt þú að barnið þitt noti tækin? Er munur á sjónvarpsáhorfi eða snjalltækjum?
 - ▶ Ung börn eiga erfitt með að skilja tíma. Vertu eins skýr og hægt er þegar þú segir barninu hvenær og hversu lengi það má nota tækið.
 - ▶ Á fjölskyldan að hafa fasta skjátíma? Eða tiltekna skjálausu tíma?
 - ▶ Hvernig notar þú, fullorðni einstaklingurinn, snjalltæki? Hvernig fyrirmynd ertu?
- Hvaða þjónustu geta börnin notað og hverja ekki?
 - ▶ Gott er að velja þjónustu, myndir, forrit og síður sem börnin mega nota og setja í möppu sem létt er að finna.
 - ▶ Viltu að barnið geti sjálft hlaðið niður leikjum og öðru efni? Hve mikla peninga ertu tilbúin(n) að leyfa því að nota? Talið um muninn á því sem er frítt og því sem kostar. Talið líka um hvað er í lagi og hvað ekki.
 - ▶ Eru sömu reglur í gildi annars staðar þar sem barnið þitt dvelur eða kemur í heimsókn?
 - ▶ Mörg börn nota snjalltæki með eldri systkinum – hjálpar það við að stuðla að góðri byrjun hjá barninu þínu?
 - ▶ Ræðið gjarnan við aðra forráðamenn um ykkar reynslu af góðri þjónustu og síðum. Hvaða möguleikar eru til staðar og hvaða takmarkanir?
 - ▶ Leggið til að þessi mál séu rædd á foreldrafundum í skólanum.



GERÐU GÓÐA HLUTI AÐGENGILEGA

Veldu síður, þjónustu, myndir og fleira sem þér finnst hæfa barninu. Búðu til möppu fyrir barnið og kenndu því að finna hana.

Prófaðu allt sem þú vilt að barnið hafi aðgang að og vertu með því í fyrstu skiptin sem það prófar.



VERIÐ UPPLÝST UM ÞJÓNUSTU, INNIHALD, TÆKNI OG ALDURSTAKMÖRK

Stafræn tækni, þjónusta og fyrirtæki sem halda henni úti bjóða fjölbreyttar leiðir til þess að aðlaga hlutina að notkun barna. Þegar þú kynnir þér þessa tækni og þjónustu getur þú valið innihald, upplifun og möguleika sem hæfa þínu barni. Prófaðu möguleikana áður en barnið þitt fær aðgang og haltu síðan áfram að vera meðvitað/meðvitaður um notkun barnsins.

AÐGANGSORÐ

- Aðgangsorð er eins og lykill að húsinu þínu - það opnar þjónustu, möguleika á að nota peninga, hlaða niður nýjum leikjum og vera með á samfélagsmiðlum.
- Það þarf að vera gott að muna aðgangsorð, en erfitt að komast að því hvað það er. Aðgangsorð getur til dæmis verið lag eða setning.
- Kenndu barninu að **ekki** eigi að segja öðrum hvert aðgangsorðið er.
- Aðgangsorð er lykill að fjölbreyttum möguleikum. Viltu að barnið þitt hafi alla þessa möguleika?

GÓÐ RÁÐ

Hvaða leiðir velur þú fyrir barnið þitt?

- Á barnið að hafa sitt eigið tæki, eða nota tæki með fleirum?
- Er hægt að aðlaga tækið/þjónustuna að þörfum barnsins?
- Athugaðu hvort tækið bjóði upp á að læsa aðgangi.
- Er hægt að virkja örugga leit? Eða eru jafnvel til útgáfur lagaðar að börnum?
- Skoðið hvort til sé öryggissía og örugg leit, þjónusta sem lokar á óæskilegt efni.
- Kannið sjálf hvort þjónusta/síður séu öruggar fyrir barnið - hvað hentar þínu barni?
- Athugaðu hvort aldurstakmarkanir séu á því sem barnið er að gera.

Viltu að barnið eigi möguleika á að:

- nota WiFi/3G/4G?
- kaupa leiki eða hluti í leik?
- nota aðgangsorðið þitt til að sækja nýja leiki?
- vera á samfélagsmiðlum og deila upplýsingum, myndum og myndböndum?

Hvaða upplifun fær barnið í leik/þjónustu?

- Hvert er innihald leikjar, þjónustu, myndar?
- Hvernig er upplifun barnsins? Góð eða slæm?
- Getur barnið á auðveldan hátt komist á aðrar síður eða slóðir?
- eru auglýsingar áberandi? Beinast þær að börnum eða fullorðnum?
- Er möguleiki á samskiptum við aðra á síðunni? Hvernig samskipti og við hverja? Er síðan ábyrg?



AÐ KAUPA ÞJÓNUSTU EÐA SMÁFORRIT

Í mörgum tölvuleikjum nær maður fyrr árangri ef notaðir eru peningar, ýmist spilapeningar, stjórnur, gullstangir eða annað sem maður vinnur sér inn í leiknum eða raunverulegir peningar. Spilarar borga í raun þá leiki sem eru ókeypis með því að horfa á auglýsingar eða myndbönd. Neytendur eru líka oft hvattir til þess að hlaða niður öðrum leikjum eða gefa upp persónuupplýsingar.

Börn eiga oft erfitt með að skilja muninn á sýndarveruleikapeningum og raunverulegum peningum. Margir leikir eru byggðir þannig upp að börn eiga auðvelt með að kaupa hluti í þeim án aðstoðar frá fullorðnum. Þau geta þar með keypt hluti í leikjum fyrir raunverulega peninga án þess að vita af því sjálf eða að forráðamenn viti af því.

Í flestum spjaldtölvum og snjallsímum er hægt að takmarka möguleika til kaupa á þjónustu. Hér eru nokkur góð ráð:

- Í smáforritabúðunum (e. App Store/Play Store) eru forritin oftast merkt „allows in-app purchase“ ef hægt er að nota peninga í þeim.
- Ef hægt er að nota alvöru peninga í forritinu er verðlisti. Skoðaðu hann áður en þú ákveður hvaða aðgang barnið fær.

Skoðaðu stillingarnar í leiknum:

- Getur þú takmarkað kaup?
- Viltu opna fyrir kaup í ákveðinn tíma? Hve lengi?
- Getur þú sett ramma um kaupin?
- Viltu að barnið þitt hafi fullan aðgang og geti þar með keypt í forritinu?
- Hvernig aðgangsorð ætlar þú að nota og fær barnið að vita það?
- Viltu að barnið biðji um leyfi þegar það sækir ný forrit?



AD LÆRA GÓÐAR NETVENJUR SNEMMA

Bæði börn og fullorðnir deila myndum og myndböndum. Á þann hátt vill fólk deila augnablikum með vinum og fjölskyldu. Að taka myndir og myndbönd á snjallsíma og spjaldtölvur er líka skemmtilegt fyrir ung börn. Það kemur fyrir að börn deila þessu án þess að þau eða forráðamenn geri sér grein fyrir því.

GOTT ER AÐ SPYRJA UM LEYFI ÁÐUR EN ÞÚ DEILIR

Persónuverndarlög setja ramma um það sem má og má ekki. Það á til dæmis alltaf að biðja um leyfi áður en maður deilir mynd eða myndbandi af öðrum.

Þegar þú spyrð áður en þú deilir, hvort sem myndin er af barni eða fullorðnum, læra börnin að gera það sama.

Hægt er að hlaða öllu niður sem er á netinu á því augnabliki sem það er sett þangað. Líka myndum og myndböndum. Mikilvægt er að kenna góðar netvenjur snemma.

- Á barnið til dæmis að geta deilt fjölskyldumyndum?
- Á barnið að hafa aðgang að þeim?
- Á barnið að geta deilt upplýsingum, myndum og myndböndum með öðrum?

- Getur barnið deilt upplýsingum eða öðru á opnum spjallsíðum?
- Hvaða upplýsingar er barnið beðið um þegar það skráir sig á síður eða í leiki?
- Hefur barnið aðgang að þínum samfélagsmiðlum og vinum?
- Er netfang tengt þeim leikjum sem barnið notar? Getur það nýtt sér það?
- Á tækið sem barnið notar að vera tengt við WiFi/3G/4G?

Það eru margar leiðir til þess að deila myndum með hverjum sem er, bæði í gegnum samfélagsmiðla eða með öðrum leiðum. Talaðu við barnið um að þær myndir sem deilt er í lokuðum hópum séu ekki ætlaðar til almennrar dreifingar.

FLESTIR SAMFÉLAGSMIÐLAR ERU EKKI ÆTLAÐIR BÖRNUM YNGRI EN 13 ÁRA





ÞÚ ERT MIKILVÆGASTA FYRIRMYNDIN!

Fullorðnir eru mikilvægasta fyrirmynd barna. Börn taka eftir því sem fullorðnir segja, til dæmis því sem þeir segja um aðra, hvernig þeir nota stafræna tækni, hvenær og hve miklum tíma þeir verja í tækjum, hverju þeir deila á netinu og börn gera eins. Þess vegna ert þú besta fyrirmyndin. Talaðu við barnið þitt um hvaða leiðir þú velur að fara og hjálpaðu því að velja góðar leiðir.

HUGAÐU AÐ EFTIRFARANDI

- Hver ert þú á netinu? Hvaða upplýsingum, myndum og myndböndum hefur þú deilt á netinu? Hvernig lítur þitt stafræna fótspor út? Hvernig kynnir þú sjálfan þig á netinu?
- Hvar og hvenær notar þú stafræna tækni? Er fjölskyldan með reglur um tækjanotkun? Börn eiga oft erfitt með að skilja hvers vegna fullorðnir mega nota tæknina ef þau fá ekki að gera það líka. Einfaldar og skýrar leiðbeiningar geta stuðlað að góðri byrjun.
- Hvernig talar þú við og um aðra á heimilinu?
- Hvernig talar þú við og um aðra á netinu?
- Biður þú um leyfir áður en þú deilir myndum og myndböndum af öðrum eða upplýsingum um aðra á netinu?

UNG BÖRN OG SNJALLTÆKI

GRUNNUR AÐ GÓÐRI BYRJUN

Snjalltæki á heimilum geta veitt fjölskyldum margar nýjar upplifanir og möguleika til náms og sköpunar. Hvernig geta foreldrar stuðlað að því að barnið fari vel af stað með notkun tækjanna? Hverju þarf að huga að? Þetta hefti inniheldur nokkur ráð og gátlista sem geta hjálpað.

HVAÐ ER MIKILVÆGAST?

- Að vera með barninu þegar það lærir á miðlana.
- Að huga að notkunarreglum á heimilinu.
- Að vera upplýst um þjónustu, innihald, tækni og aldurstakmörk.
- Að kenna barninu góðar netvenjur - þú ert þeirra helsta fyrirmynd.

